

Fréttatilkynning

Verðlaun fyrir lokaverkefni í ferðamálafræði

Rannsóknamiðstöð ferðamála veitir nú í fimmta sinn 100.000 króna verðlaun fyrir framúrskarandi lokaverkefni um ferðamál sem unnið er af nemanda við háskóla hér á landi. Verðlaunin voru afhent á aðalfundi Samtaka ferðapjónustunnar (SAF) 2010, sem haldin var þriðjudaginn 23. mars á hótél Nordica í Reykjavík. Dómnefnd, sem skipuð er stjórn og forstöðumanni RMF, hefur metið átta verkefni skólaársins 2009 sem þóttu afar góð og/eða mjög athygliverð, en þau eru:

Ferðahegðun Íslendinga innanlands sumarið 2009, BS ritgerð Sigríðar Erlendsdóttur frá verkfræði og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands – ferðamálafræði.

Akureyri að vetri, BS ritgerð Valdemars Valdemarssonar við viðskipta og raunvísindadeild Háskólans á Akureyri.

Silungsveiði í Skagafirði, BA ritgerð Kristjáns Benediktssonar frá háskólanum á Hólum.

Skelfilegar minningar, dauði og hörmungar sem aðdráttarafi í ferðamennsku, BS ritgerð Ingibjargar Helgu Sveinbjörnsdóttur frá verkfræði og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands – ferðamálafræði.

Iceland Express: Samsetning farþega og hvataþættir ferða, BS ritgerð Jóhönnu Bjarkar Kristinsdóttur frá verkfræði og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands – ferðamálafræði.

Göldrum líkast? Starfsemi Strandagaldurs og áhrif á byggðarlagið, BS ritgerð Önnu Bjargar Þórarinsdóttur frá verkfræði og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands – ferðamálafræði.

Heim að Hólum: Hólar sem áfangastaður ferðamanna, BA ritgerð Claudiu Lobindzus frá háskólanum á Hólum.

Kjölur – Fjölbreytt landslag, ferðamennska og upplifun, BS ritgerð Jónu Sigurbjargar Eðvaldsdóttur frá verkfræði og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands – ferðamálafræði.

Niðurstaða dómnefndar er að verðlaunin í ár hljóti ritgerð Jónu Sigurbjargar *Kjölur – Fjölbreytt landslag, ferðamennska og upplifun*, frá verkfræði og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands – ferðamálafræði.

Í umsögn dómnefndar segir:

Í verkefni sínu fjallaði Jóna um niðurstöður rannsóknar sem unnin var á Kili sumarið 2009 og fólst í viðtölum við erlenda ferðamenn á svæðinu. Markmiðið var að greina hvernig ferðamennska ætti sér stað á Kili og hvernig upplifun þeirra sem hana stunduðu var. Rökstuddi höfundur áherslur sínar þannig að skilningur á væntingum og upplifunum ferðafólks sé forsenda stjórnunar á nýtingu víðernissvæða. Sjónarhorn ferðamannsins er þannig lykill að þróun ferðavöru til fjalla sem og annarsstaðar. Það sem höfundur komst að var að ferðafólk á Kili sóttist í kyrrð og frið öræfa til að stunda náttúrutengda afþreyingu og var fjölbreytileiki náttúruupplifunar þeim ofarlega í huga.

Dómnefndin telur að þetta verkefni sé mikilvægt innlegg í umræðu um auðlindir íslenskrar ferðaþjónustu sem bæði ferðamenn og hagsmunaaðilar eru sammála um að liggja í náttúru og víðernum landsins. Mikil umræða er nú um stýringu og skipulag víðernissvæða og liggur nú fyrir þingsályktunartillaga um landnýtingaráætlun á hálendi Íslands, þar sem gera skal grein fyrir hlutverki ferðaþjónustu. Sambærileg tillaga liggur fyrir um landnýtingu ferðaþjónustu á láglendi en hefur ekki enn komið fram í formi þingsályktunar. Í báðum tilfellum er mikilvægt að vanda vel til verka og greina af fagmennsku undirstöðu uppbyggingar í ferðaþjónustu en það er upplifun væntanlegra neytenda, ferðafólks til landsins.

Verkefni Jónu er vandað og unnið samviskusamlega með metnað og fagmennsku að leiðarljósi. Ætti hennar vinna að verða öðrum til eftirbreytni og er hún verðugur handhafi lokaverkefnisverðlauna Rannsóknamiðstöðvar ferðamála árið 2010.

Ritgerðina er hægt að skoða á Landsbóksafni eða gegnum Skemmuna (skemman.is)

Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Háskólinn á Hólum ásamt Ferðamálastofu og Samtökum ferðaþjónustunnar starfrækja sameiginlega Rannsóknamiðstöð ferðamála, sem er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum.